Sv.: Nei. Hann er einn af gjöfum guðs til barna sinna.

28. Sp.: Höfum vjer þá ekkert að óttast við dauðann?

Sv.: Einungis þær eðlilegu afleiðingar af breytni vorri, rjett eins og hjer.

29. Sp.: Mun sumum líða betur en öðrum, þegar þeir deyja?

Sv.: Já. Þeim líður bezt, sem bezt hafa lifað hjer.

30. Sp.: Hvernig stendur á því?

Sv.: Allt að einu eins og það gengur bezt fyrir þeim pilti eða stúlku, sem bezt er undir búin, þegar hvort um sig gengur út í lífið.

31. Sp.: Hvert er þá aðal mark og mið mannsins?

Sv.: Að læra að lifa rjettu líferni, því þar undir er komin heill mannsins í þessum heimi og öllum heimum.

---

## *BÓKASKRÁ*

(yfir bækur, sem fróðlegt er að lesa).

### *TRÚFRÆÐI.*

*SPENCER'S* „Principles of Sociology", Vol. I.
*MAX MULLER'S* „Origin and Growth of Religion".
*CLARKE'S* „Manual of Unitarian Belief".
*PARKER'S* „Discourse of Religion".

### *GUD.*

*FISKE'S* „The Idea of God".
*MULLER'S* Origin and Growth of Relegion".
*SAVAGE'S* „Belief in God".